

Aggression Replacement Training

**ART ER ÞRÍÐÆTT HUGRÆNT
ATFERLISINNGRIP**

Félagsfærni - sjálfstjórn - siðferði

Markmiðið með ART þjálfun er að bæta samskiptafærni, draga úr hegðunarvanda, koma í veg fyrir ofbeldi og styrkja siðferðisleg gildi einstaklinga.

ART teymi Suðurlands
Austurvegi 56
800 Selfoss

s. 480-8200
isart@isart.is

www.isart.is



FJÖLSKYLDU ART

Fjölskyldu ART er úrræði fyrir fjölskyldur barna með hegðunar- og/eða tilfinningavanda.

Farið er yfir helstu atriði félagsfærni, sjálfstjórnar og siðferðis. Foreldrum eru kenndar aðferðir til að ná jákvæðum aga og eiga árangursrík og góð samskipti.

Helstu markmið

- Ýta undir jákvæða hegðun
- Efla góð samskipti í fjölskyldunni
- styrkja sjálfmynd
- Aðstoða foreldra við að koma reglum og rútinu á heimilið

Persónuleg ráðgjöf

Við bjóðum upp á samtöl samhliða fjölskyldu ART tímum bæði fyrir foreldra og börn. Einnig er hægt að óska að ráðgjafi sitji teymisfundi í skólanum

Félagsfærni

Bætt félagsfærni stuðlar að betri samskiptum við fjölskyldu og vini, dregur úr hegðunarvanda og eykur sjálfstraust. Notast er við sýnikennslu og hlutverkaleik til að kenna árangursríkar leiðir í samskiptum.

Sjálfstjórn

Í sjálfstjórn er áhersla á að læra að þekkja tilfinningar sínar og annara en það er forsendan fyrir því að bregðast við þeim á réttan hátt. ART kennir árangursríkar leiðir til þess að takast á við erfiðar tilfinningar eins og reiði

Siðferði

Í ART eru gildi samfélagsins rædd og þau styrkt. Notast er við klípusögur, umræður, röksemdarfærslu og jákvæða styrkingu

ART ÞJÁLFUN Á VETTvangi

ART þjálfun er notuð víða á Íslandi. Svo sem í leik-, grunn og framhaldsskólum, í stafsundurhæfingarstöðvum og á meðferðarheimilum fyrir ungmenni.

ART teymið á Suðurlandi heldur námskeið þaðan sem þátttakendur útskrifast með réttindi til þess að starfa sem ART þjálfarar.

**ART réttindanámskeið
spanna 13 vikur og hefjast ný
námskeið í upphafi hverrar annar**

Nánari upplýsingar og skráning er að finna á heimasíðu okkar www.isart.is